

Læknir af guðs náð

Við lifum á öld hraðfara þjóðfélagsbreytinga og hefur svo raunar verið í meira en öld. Við lok nítjándu aldar voru hér á landi nær engar vélar. Brauðstritið var háð með sömu tækjum og forfeðurnir höfðu notað allt frá því járnöld hófst á Norðurlöndum fyrir 2500 árum. Hin andlega mennt var mestanpart arfur kristinnar með bókviti sínu. Fornir lífshættir sem fyrri kynslóðum þótti ekki ástæða til að skrá tynast. Sumpart var ástæðan sú að hver ný kynslóð hafði sömu lífshætti og sú fyrri. Ákveðið verklag hélst óbreytt um aldir og þurfti ekki skráningar við. Sagnir af einstaklingum og atburðum gleymdust en lífshættirnir ekki. Nú eru hins vegar síðustu forvöð að halda til haga þeim lífsháttum sem voru í þúsund ár. Sérhver frásögn frá Íslandi fortíðarinnar fyllir upp í þá mynd.

Enn eru í minni fólks sagnir af lækningum Erlings Brynjólfssonar bónda á Ytri-Sólheimum, en um hann segir Eyjólfur Guðmundsson á Hvoli: „*Erlingur var læknir af guðs náð*“. Þær frásagnir sem varðveist hafa eru fáar, en líklega hafa hin minni læknisverk frekar glatast. Auk frásagnar Eyjólfssonar á Hvoli hef ég notið viðtals Þórðar Tómassonar í Skógum við Ísleif föður minn frá 4. des. 1965. Þá hef ég leitað til systkina minna sem hafa geymt í minni sínu frásagnir þabba um Erling afa. Þær frásagnir sem hér koma á eftir og ekki er tilgreindur sögumaður eru gerðar með lauslegri endursögn á frásögn Ísleifs með viðbótum frá systkinum mínum. Aðrir þættir í lífi Erlings Brynjólfssonar eins og veiðar og búskapur verða ekki raktir hér.

Erlingur fæddist 28. nóv. 1861 á Litlu-Heiði í Mýrdal. Hann dó á Ytri-Sólheimum 27. mars 1927. Hann var sonur hjónanna Brynjólfs Guðmundssonar frá Norður-Götum og Þorgerðar Jónsdóttur ljósmóður á Litlu-Heiði. Stór ættbogi er út af þeim hjónum sem nefndur er Heiðarætt. Systkini Erlings sem upp komust voru Sigríður á Reyni, Guðríður í Reynisdal og í Vík, Guðrún á Litlu-Heiði, Jón á Höfðabrekku og í Vík, Hallgrímur á Felli og hálfbróðir þeirra Erlings var Jóhann Magnús Oddsson á Litlu-Heiði.¹ Eyjólfur á Hvoli skrifar um foreldra Erlings. Lýsingin sýnir af hvaða rótum Erlingur var vaxinn.²



Erlingur Brynjólfsson

Brynjólfur Guðmundsson og Þorgerður Jónsdóttir, hjón á Litlu-Heiði voru vel að eignum búin. Sá ég þau nú í fyrsta sinn en kynntist þeim betur síðar. Það var talið að Brynjólfur væri verkmaður góður, en frekar seínlátur, beitti hörðu við beitarféð, en missti sjaldan úr hor. Hann var vel greindur maður og gestrisinn. Þorgerður var gildvaxinn en lág að vexti, hugmikil og djörf í framgöngu. Hún veiddi sjálf silung í Heiðarvatni þegar svo bar undir, ýmist ein eða með ungum börnum sínum. Hún var hjúasæl og húsmóðir góð. Yfirsetukona var hún lengi og vel látin, kjarkmikil og úrræðagóð. Aldrei var sú ótíð eða ófærð að Þorgerður frestaði ferð sinni úr Heiðardalnum þegar hennar var vitjað. Svo einörð og kjarkmikil var hún að þó ófært þætti að ferðast, bjó hún sig og herti upp fylgdarmennina ef þess gerðist þörf.

¹ Björn Magnússon: *Vestur-Skaftfellingar I og II*, Bls 173 og 273

² Eyjólfur Guðmundsson: *Lengi man til lítilla stunda*, Bls. 274

Það er til marks um úrræði Þorgerðar og kvenkosti að hún flutti hvítvoðung ein með sér heim, þar sem ástæður voru tæpar og barnsmóðirin illa haldin. Þannig var það að hún lagði á brjóst sér dreng fátækra hjóna, ásamt sínum eigin syni og ól upp síðan. Þetta var þegar erfiðast var í ári og margur sótti björg að heimilinu á Litlu-Heiði. Þorgerður átti silung til miðlunar sem hún lét veiða eða veiddi sjálf. Þá hafði hún margan morgun farið í vatnið og vitjað um silunganetin, áður en brjóstmylkingarnir tveir vöknudu. Þegar hún kom heim lagði hún þá á brjóstin. Þó ég væri ungur fannst mér kveða mikið að Þorgerði og hún vera föst í máli og meiningu. Synir þeirra hjóna voru vandir við vos og starf og reyndust miklir atorkumenn og karlmannlegir, þegar upp komust.

Ekki virðist það hafa hamlað Þorgerði að sinna köllun sinni þótt hún hafi verið feitlagin eins og kemur fram í ævisögu Eldeyjar-Hjalta. Þorgerður er tæplega sextug og Hjalti er innan við tvítugt þegar hann er að fylgja henni heim eftir að hún hafði verið hjá sængurkonu í Kerlingardal.³

Þau voru ekki komin nema örstutt frá bænum, þegar allt í einu skall á ofsaveður af vestri – með hinni mestu frostbitru. Kerlingardalsá rann á milli skara, en það var lágt ofan að vatninu á vaðinu. Þau Þorgerður og Hjalti ríðu út í ána, og var Hjalti á undan. Þegar hann var kominn svo sem miðja vega yfir, kom svo snörp þota, að hann varð að halda sér með báðum höndum, til þess að fjúka ekki af hestinum. Hann leit svo um öxl, þegar þotan rénaði, og sá hann þá, að hestur Þorgerðar var að standa upp, en hún flaut ofan ána. Hjalti renndi sér þegar aftur af hesti sínum og greip í taglið, meðan hann var að fóta sig. Tók vatnið honum rétt í mitti. Hann þreif nú fram í tauminn á hestinum og lét hann berast með sig undan straumi í áttina til Þorgerðar. Hann náði í hana, og nú slepti hann klárnum, sem svamlaði upp á brotið og hélt til lands, ásamt þeim, sem Þorgerður hafði ríðið.

Hjalti lyfti nú höfði Þorgerðar upp úr vatninu. Hún tók andköf, en var ekki meðvitundarlaus. Hann gat svo reist hana á fætur, og síðan svömluðu þau skáhallt niður á við að skörinni. Þegar þangað kom tók vatnið Hjalta í geirvörtur en skörin náði honum í höku. Ekki voru það nein tiltök að ösla upp á brotið, því þó áin væri ekki ýkja straumhörd þá myndi samt hafa skolið yfir þau, Þorgerði og Hjalta, ef þau hefðu reynt að þoka sér upp með skörinni.

Þegar Þorgerður var búin að átta sig, sagði hún með hinum mesta myndugleik: - Hjalti minn! Nú skalt þú reyna að bjarga þér upp á skörina. Hér verð ég að deyja, og ég er ekki bættari, þó að þú farir líka.

Hjalti mælti: -Hér er enginn dauði á ferðinni. Vertu bara alveg róleg og láttu mig ráða. Finnst þér þú ekki geta staðið, án þess að ég styðji þig?

Jú það gat hún en hún sagði með sömu ró og áður: - Hvernig getur þú látið þér detta það í hug að þú komir mér upp, manneskju sem er á þriðja hundrað pund, þó að ég sé ekki vot og aðeins venjulega búin?

-Ég skal nú sýna þér það. Það bitur okkur, bölvað frostið, en það skal nú samt koma okkur að gagni. Stattu bara kyrr og gáðu að þér að detta ekki!

Fletti svo Hjalti þrem pilsum af Þorgerði og sletti þeim upp á skörina. Eftir örstutta stund voru þau orðin frosin við svellið. Hjalti skipaði nú Þorgerði að taka í þau tveim höndum, beygði sig á kaf í vatnið, greip undir hnésbætur henni og tók á af öllum kröftum. Og áður en hann í rauninni vissi af, var Þorgerður komin upp á skörina. Hún staulaðist á fætur, en hún var ekki mikið að svipast um eða laga sig til. Hún var ekki fyrr staðin upp en hún vék sér við, lagðist á hnén og rétti Hjalta hendurnar. Hún var hæfilega þung fyrir, og rykkti Hjalti sér upp á ísinn. Hjalti reif pilsin upp úr svellinu, og svo löbbuðu þau Þorgerður upp að vaðinu, en þar biðu hestarnir. Hann baslaði Þorgerði í hin rifnu pils, og með hans hjálp komst hún svo á bak. Þau ríðu síðan út í Fagradal og fóru hratt, því nú hafði dregið skyndilega úr veðrinu.

Erlingur og Hallbera Ísleifsdóttir frá Reynisdal giftust í Reyniskirkju þ. 26. okt. 1888.

Brúðkaupsdaginn var aftaka veður og fauk þá ofan af Skessudrang sem er einn Reynisdranga og

³ Guðmundur G. Hagalín: *Saga Eldeyjar-Hjalta I*, bls. 127-128

var veðrið nefnt Erlingsveður.⁴ Veðurhæð var slík að konur úr hópi brúðkaupsgesta fuku úr söðlum sínum á leið upp í Heiðardal í brúðkaupsveisluna.⁵

Börn Erlings og Hallberu sem komust til fullorðinsára voru Þorgerður í Sólheimakoti, Guðrún á Selfossi, Ísleifur á Ytri-Sólheimum, Ingibjörg í Reykjavík, Guðríður á Skútum við Akureyri, Brynjólfur í Reykjavík og Sigríður í Reykjavík⁶. Afkomendur þeirra eru margir.



Fjölskyldumynd frá 1905: Erlingur Brynjólfsson, Hallbera Ísleifsdóttir og börn. Talið frá vinstri: Ísleifur, Sigríður, Erlingur, Þorgerður, Brynjólfur, Ingibjörg, Hallbera, Guðríður og Guðrún.

Hvernig maður var Erlingur? Í sjón var hann eins og títt er í Heiðarætt, tæplega meðalmaður á hæð, þrekvaxinn með vel lagaða og sterka hönd og handheitur svo af bar. Hann var með alskegg og sló rauðleitum blæ á dökkjarpt hár og skegg. Erlingur var fríður maður og góðlegur. Til er af honum ljósmynd tekin af Jóni Kaldal og var stórt eintak um nokkurra ára skeið höfð sem skreyting á einu öldurhúsi Reykjavíkurborgar, myndin ber að þar fer höfðingi. Systursonur Erlings, Ólafur Pálsson frá Litlu-Heiði, skrifaði í minningargrein um frænda sinn:⁷

Í viðkyppingu var hann sjerlega glaður og ljúfur við sjerhvern, er við hann ræddi, eigi síst börn og lítilmagna.

⁴ Sögn Haraldar Einarssonar frá Kerlingardal - stílfært af TÍ

⁵ Sögn Sigþórs Sigurðssonar eftir afa hans, Stefáni Hannessyni – stílfært af TÍ

⁶ Björn Magnússon: *Vestur-Skaftfellningar I*, Bls. 276

⁷ Ólafur Pálsson frá Litlu-Heiði: Tímaritið Óðinn, 7-12. tölublað 1927, bls. 57-58

Það orð var á að í Heiðarætt væri kynfylgja að menn væru söngvniir og gleðimenn á góðri stundu. Gleðistundir voru oft án stórra tilefna eins og að ríða syngjandi með börnum sínum heim af engjum eftir erfiðan en hamingjuríkan dag.⁸

Erlingur og Hallbera bjuggu á Kaldrananesi frá 1889 til ársins 1905. Erlingur byrjaði að binda um brot á skepnum og lukkaðist vel. Spelkur smíðaði hann sjálfur og reif niður klæði í tröf og hefur sá háttur haldist þegar hann líknaði mönnum.

Ísleifur sonur Erlings var á þriðja ári vorið 1896 og lærbrotnaði á miðjum legg þegar hann datt í hlaðvarpanum við að togast á um sokkaband við Guðrúnu systur sína. Enginn læknir var þá í læknishéraðinu. Ísleifur mundi vel eftir brotinu og því að faðir hans bjó um það með spelkum og tröfum. Brotið gréri fljótt og rétt „og komst ég þó oft upp á hnén í rúminu því vitið var svo takmarkað“. Taldi Ísleifur að það hefði verið fyrsta læknisverk föður síns.

Raunar er til eldri heimild um læknisverk Erlings. Í bókinni *Minningar úr Mýrdal* segir Eyjólfur á Hvoli frá því þegar Jón Þorsteinsson í Reynisdal hrapaði úr Reynisfjalli árið 1890. Jón var giftur Guðríði Brynjólfsdóttur systur Erlings. Um afleiðingar slyssins farast Eyjólfur svo orð:⁹

Hafði hann þá hrapað 40 faðma ýmist í lofti eða kastast af bekkjum og síðan oltið niður brekkuna. Var hann þá strax með fullri meðvitund og gat skriðið nokkuð með erfiðismunum. Brátt sást til hans og var hann ýmist studdur eða borinn heim að Reynisdal. Erlingur Brynjólfsson mágur hans bjó um hann í nýjum seglum af bátum Vonin sem hann hafði nýlega keypt. Erlingur var læknir af guðs náð og fann strax að brákað var af hryggjarliðum og viðbeinið kýtt. Stefán læknir Gíslason skoðaði meiðslin og undraði að að þau virtust ekki til bana eftir því falli er Jón hafði hlotið. Líðanin var þó slæm. Lá Jón lengi og var æ síðan nokkuð kýttur í herðum.

Næst á eftir að hafa grætt lærbrot sonar síns var Erlingur fenginn til að búa um lærbrot upp við mjöðm á konu á áttæðisaldri sem var hjá Gunnari Bjarnasyni í Steig. Konan fékk sig jafngóða á ótrúlega stuttum tíma. Gunnar ólst upp í Engigarði og voru þeir Erlingur því nágarnar í æsku, þeir voru systkinasynir og mikið vinfengi með þeim.

Upp frá þessu fór Erlingur að binda um fleiri brot og laga liðhlaup en einnig vitjaði hann veikra og deyjandi. Oft var læknislaust á þessum árum og Erlingur þá sóttur þegar veikindi voru. Margir sóttu lækninn þegar hægt var og veikindi eða slys urðu. Fyrir kom að það lukkaðist ekki vel og var þá Erlingur sóttur eftir tvo þrjá daga. Áráðið var svo mikið að fyrir kom að hann tók allar umbúðir af beinbroti og batt um aftur. Og breyttist þá svo til bóta að þeir fengu sig heila sem hann kom til.

Eftir að Erlingur fluttist að Ytri-Sólheimum vorið 1905 hélt hann áfram að sinna veikum og slösuðum. Bar þar tvennt til að hann mun ekki hafa haft í sér eirð að sitja heima ef hann vissi um slík bágindi nærlendis og hitt að mikið orð fór þá af lækningum hans einkum við beinbrot og liðhlaup. Öll mun sú hjúkrun hafa verið unnin í sjálfboðavinnu þó að ekki væri dæmalaust að honum væri boðin greiðsla. Í áðurnefndri minningargrein Ólafs Pálssonar farast honum svo orð um læknisverk Erlings:¹⁰

⁸ Sögn Erlings Ísleifssonar eftir Þorgerði Erlingsdóttur í Sólheimakoti – stílfært af TÍ

⁹ Eyjólfur Guðmundsson: *Minningar úr Mýrdal* 2, bls. 104

¹⁰ Ólafur Pálsson frá Litlu-Heiði: Tímaritið Óðinn, 7-12. tölublað 1927, bls. 57-58

Enn er þó ótalinn sá eiginleiki Erlings, er telja má merkilegastan, og halda mun nafni hans lengst uppi. Það er læknisgáfa sú, er ætla má að hann hafi hlotið að vöggugjöf, en kom þó eigi í ljós fyrr en hann var löngu orðinn fulltíða maður. Því miður hefur sá er þetta ritar eigi í höndum ábyggileg skilríki fyrir hve margir þeir voru, er Erlingur hjálpaði; sjálfur vissi hann það að líkindum eigi, en sennilega skifta þeir hundruðum.

Aðallega voru það beinbrot, sem hann læknaði. Tókst honum það svo dásamlega, að ýmsir nútíðar lækna gætu miklast af. Hlutu allir góðan bata er hans vitjuðu. Það bar og ósjaldan við, að hann væri kvaddur þar að er lærðir lækna voru frá gengnir. Er það síst ofmælt að hans væri vitjað til flestra er beinbrotnuðu, eða úr liði hlupu í vestur-hluta Skaftafellssýslu og austur-hluta Rangárfings.

Erlingur var undra fróður í líffæra og læknisfræði, af ólærðum manni. Mun þann sjúkdóm vart geta, er hann ekki þekti. Hefur svo sagt mjer einn af bestu læknum þessa lands, að ekki hafi hann neinn leikmann þekt, er jafnvel væri að sjer í öllu því er snerti læknisdóma, sem Erling.

Guðmundur Guðfinnsson læknir á Hvoli¹¹ frá 1912 til 1923 var sóttur mikið undir Eyjafjöll og hingað austur í Mýrdal. Og vildi hann ekki fá sjúkdómslýsingu frá öðrum en Erlingi. Einhverju sinni var Erlingur gestkomandi hjá Guðmundi lækni á Hvoli þegar tvær vitjunarbeiðnir bárust læknum, það hann Erling að fara í vitjun inn í Hlíð og binda um beinbrot. Sjálfur fór hann út á Rangárvelli að sinna bráðveikum sjúklingi.

Sveinbjörn á Efstu-Grund undir Eyjafjöllum kom um kvöld austur að Sólheimum og það Erling að koma með sér til að búa um handleggsbrot á gamalli konu. Erlingur neitaði og vildi ekki fara. Sveinbjörn sagðist ekki fara til baka fyrr en hann kæmi með sér og úrslitin urðu þau. Konan var brotin um úlnið, báðir leggir. Hún fékk sig heila. Eftir þetta komst Erlingur í mikinn kunningsskap við heimilið á Efstu-Grund. Þegar Guðmundur Guðfinnsson læknir skoðaði umbúnað Erlings á broti konunnar hafði hann þau ummæli að „það væri snilldarverk hjá lærðum lækni en óskiljanlegt að ómenntaður maður ynni slíkt verk.“

Erlingur batt um Eggert Ólafsson á Þorvaldseyri nýfæddan sumarið 1913. Foreldrar Eggerts voru Ólafur Pálsson og Sigríður Ólafsdóttir á Þorvaldseyri. Barnið bar ekki rétt að og var fæðingin mjög erfið og þegar sýnt var að ljósmóðirin, líklega Guðfinna Ísleifsdóttir í Drangshlíð, þyrfti hjálp fór Ólafur og sótti Stefán lækni að Dyrhólum. Við fæðinguna lemstraðist barnið og eru heimildir um að það hafi tvíhandleggsbrotnað þegar lækningin var að bjarga móður og barni.¹²

Ísleifur taldi að lækningin hefði tekið barnið með járnum og það brotnað þannig í fæðingunni. Var barnið líflítið og lemstrað og var fangaráð að hella ofan í það snafsi til lífgunar. Hafði Eggert síðar þau orð um að það hefði verið sinn fyrsti og seinasti snafs.¹³ Ekki er lengur vitað fyrir víst hve mikil meiðsl barnsins voru. Fyrir utan handleggsbrotin eru munnmæli um að það hafi einnig verið úr axlarlið. Víst er að meiðslin voru fleiri en ein. Læknirinn batt um brotin og við svo búíð hefur staðið til næsta dags eða síðar. Þá hafa foreldrarnir séð að meiri hjálp yrði að sækja.

Erlingur var ásamt fólki sínu að hirða austur á Æsumýrarennum í miklum hita, þegar þau sáu mann ríða marghesta austur Sólheimasand og fara mikinn. Ísleifi var í minni hve hestar Ólafs voru mikið sveittir og fallegir. Ekki er líklegt að hirðing hafi verið á Æsumýrarennum fyrr en í ágústmánuði. Sláttur hófst ekki á Íslandi fyrr en seint í júlí og Sólheimingar heyjuðu ekki í Uppnesinu fyrr en túnaslætti var lokið. Eggert fæddist 29. júní og hefur því líklega verið orðinn meira en mánaðargamall þegar Ólafur sótti Erling. Drengurinn var með háan hita þegar Erlingur

¹¹ Nýja dagblaðið 31. júlí 1938

¹² Sögn ættingja Eggerts og Sveinbjarnar Ingimundarsonar - stílfært af TÍ

¹³ Sögn Ólafs Eggertssonar - stílfært af TÍ

kom að Þorvaldseyri. Erlingur tók af umbúðirnar og batt aftur. Fór barninu fljótt að líða vel og sagði Erlingur Sigríði móður Eggerts að hún mætti fara með hann eins og hvert annað barn þvo hann, gera til góða og taka umbúðirnar í burtu eftir tiltekinn tíma. Allt gekk þetta eins og Erlingur hafði ráð fyrir gert og staðfesti Sigríður það við Ísleif skömmu fyrir dauða sinn.

Þegar lýsingar heimildamanna eru bornar saman sýnist líklegt að barnið hafi, auk brotanna, verið úr axlalið og að skjótur bati þess eftir að Erlingur fór um það höndum hafi verið m.a. vegna þess að hann lagaði liðhlaupið. Beinbrotin hafa sennilega verið farin að brigsla rétt saman. Eggert bar engar menjar þess hve hart hann kom í heiminn og varð gamall maður.

Bjarni Pálsson vinnumaður á Eystri-Sólheimum missti hnéskelina niður og hafði verið streðað við að færa hana til baka og ekki gengið. Sent var eftir Erlingi og færði hann hnéskelina til baka án vandkvæða og jafnaði Bjarni sig skjótt eftir óhappið.

Fyrir 100 árum höfðu lækna færri ráð til að lækna en nú. Engu að síður var til þess ætlast að lækningar væru í höndum lærðra lækna og ekki annarra. Á þeim dögum var Stefán Gíslason héraðslæknir í Mýrdal og bjó á Dyrhólum frá 1905 til 1915 og eftir það í Vík.¹⁴ Stefáni mun hafa verið í nöp við Erling og má telja víst að honum hafi ekki hugnast lækningar hans. Er eftir Stefáni haft að hann hafi sagt „*Erlingur kallar nú allt brot*“.

Liðhlaup Þorsteins í Garðakoti.¹⁵

Þorsteinn í Garðakoti var að fást við vegghleðslu, nýbyggingu eða viðgerð þegar veggurinn hrundi á hann. Við það fór hann úr axlalið og missti legginn niður fyrir holhönd. Sent var eftir Stefán lækni að Dyrhólum sem er næsti bær við Garðakot. Jafnframt var svo lítið bar á sent eftir Erlingi út að Sólheimum. Þegar Erlingur kom að Garðakoti er látið líta svo út að hann sé þar kominn af tilviljun. Af liðhlaupinu var það að segja að Stefán læknir hafði þá lengi togað og rykkst í handlegginn án árangurs. Hafa þær tilraunir þá trúlega staðið í meira en tvær klukkustundir ef marka má af þeim tíma sem tekur að fara frá Sólheimum á hesti. Þegar Erlingur kemur að mun hann hafa sagt við Stefán: „*Á ég ekki að hvíla þig?*“ Stefán tók því og er ekki að orðlengja það að Erlingur færir legginn strax í liðinn. Af orðum Erlings má ráða að Stefán hafi verið farinn að lýjast við að slást við handlegginn á Þorsteini. Þorsteinn var efldur maður og ekki auðhlaupið að færa legginn í liðinn nema með réttu lagi. Var hann lengi lítt vinnufær og aldrei jafngóður; má nærri geta að hann hefur goldið strits læknisins.

Árið 1923 fótbrotnaði Jóhann, þriggja ára sonur Guðrúnar Hafliðadóttur og Eiríks Jóhannssonar á Dyrhólum. Stefán læknir bjó um brotið. Á þriðja degi var barnið komið með mikinn hita og sótti Eiríkur þá Erling út að Sólheimum. Erlingur skoðaði drenginn og vildi ekki fást við brotið nema hann væri svæfður. Þá var kominn sími í Litla-Hvammi og því líklegt að þannig hafi Stefán læknir verið til kvaddur en hann bjó þá orðið í Vík. Þegar lækurinn var kominn að Dyrhólum mun Guðrún hafa beðið Stefán um að svæfa barnið og Erling um að binda um brotið að nýju. Fór svo að lækurinn svæfði og bóndinn tók af allar umbúðir um brotið og batt um að nýju. Sótthiti fór skjótt af drengnum og gréri brotið fljótt og fékk hann sig heilfættan og ekki merkjanlegt að sá leggurinn væri styttri fyrir vaxtartruflun.

¹⁴ Björn Magnússon: *Vestur-Skaftfellingar IV*, Bls. 46

¹⁵ Sögn Sigþórs Sigurðssonar í Litla-Hvammi eftir föður hans, Sigurði Bjarna Gunnarssyni - stílfært af TÍ

Í þessum skrifum hallar nokkuð á Stefán lækni og er því skylt að geta þess að hann var ósérhlífinn og hinn mesti ferðagarpur og mun hafa lagt sig fram um að rækja sitt starf í hvívetna. Stefán var einstakur fæðingarlæknir og lifðu bæði móðir og barn í öllum fæðingum sem hann kom að. Það var einsdæmi á þeirri tíð. Hann var fjölfróður og þótti bæta hvert samkvæmi enda mikill söngmaður¹⁶. Ekki spillti að á bannárunum var hann í krafti síns embættis í aðstöðu til að bjarga mönnum um brjóstbirtu ef mikið lá við.

Vitjun Erlings að banabeði Sigurðar í Skammadal.¹⁷

Margrét Tómasdóttir síðar húsmóðir á Litlu-Heiði var fædd árið 1904 og alinn upp í Skammadal hjá Guðbjörgu Lafransdóttur og Sigurði Sigurðssyni. Sigurður var sullaveikur og var sullurinn í kviðarholi svo stór að hann var framsettur eins og kona komin að falli. Þegar Margrét var 18 ára var Sigurður fóstri hennar orðinn rúmliggjandi af sjúkdómi sínum. Var til fenginn Snorri Halldórsson læknir á Breiðabólstað að skera að sullinum.

Eftir aðgerðina var stöðug útferð frá skurðinum og voru ströng fyrirmæli frá læknum um að það lín sem lagt var að sárinu yrði að sjóða svo tryggt væri að nota það aftur og að alla útferðina yrði að brenna svo ekki hlytist smit af. Margrét hjúkraði stjúpa sínum, skipti um umbúðir við skurðinn, sá um suðu á líni og brenndi útferðina. Missti hún tímabundið hár vegna þess að hún hafði miklar vökur vegna hjúkrunar og annarra verka.

Meðan á legu Sigurðar stóð kom Erlingur á Sólheimum og sat daglangt hjá ungum aðstandendum Sigurðar til að hugga þau og styrkja. Um vitjun Erlings hafði Margrét eftirfarandi orð: „*Hann sat hjá okkur lengi dags, sá góði karl*“.

Ragnhildur Sigurðardóttir frá Sólheimakoti minnst þess að Högni bróðir hennar viðbeinsbrotnaði þegar hann var drengur og þá um 1922. Um þá líkn sem streymdi frá höndum Erlings afa þeirra hafði hún þau orð að: „*Allt var gott þegar afi var búinn að búa um viðbeinsbrot Högna*“.

Alþekkt er að fólk er misnærfærið við að annast sjúka og kemur þar margt til. Mestu veldur vilji, þekking og ályktunarhæfni. Erlingur var ómenntaður alþýðumaður og er ekki vitað til þess að hann hafi haft tækifæri á að afla sér læknisþekkingar af bókum eða hjá menntuðum læknum. Líklegt er að Erlingur hafi lært umönnun sjúkra af móður sinni; ljósmóðurinni, þótt engum sögum fari þar af. Mikill munur er á líkamsbyggingu húsdýra og manna, engu að síður getur glöggur bóndi dregið nokkurn lærdóm þar af um manninn. Ekki er óhugsandi að Erlingur hafi rætt lækningar við Guðmund Guðfinnsson lækni á Hvoli eftir að þeir kynntust. Ísleifur sonur hans taldi að hann hefði aldrei lesið sér til um lækningar. Engu að síður var farsæld hans slík að dæmafátt er. Hvaðan kom Erlingi getan til að lækna? Hvernig gat maður sem hafði ef til vill aldrei séð beinagrind, ekki einu sinni mynd, fært beinbrot í rétt horf og búið um svo að rétt héldist og blóðrás væri eðlileg? Vert er að hafa í huga að Erlingur bjó um fjölda beinbrota og lagaði liðhlaup, lukkaðist það allt. Ljóst er að hann hefur hann notið glöggs auga og næmra handa til að átta sig á hvað gera þurfti til að færa brot eða liðhlaup í rétt horf án þess að skaða hinn slasaða meira en orðið var. Þá var eftir að búa svo um brotið með spelkum og tröfum að það héldist í réttu horfi án þess að hindra blóðrás.

Af verkum Erlings má ráða að hann hafi verið drengur góður og vitmaður.

¹⁶ Sögn Sigþórs Sigurðssonar í Litla-Hvammi og fl. - stílfært af TÍ

¹⁷ Sögn Margrétar Tómasdóttur og endursögn Tómasar sonar hennar – stílfært af TÍ

Sólheimastétt¹⁸

Á myndinni hér fyrir neðan er fjöldi húsa sem stóðu við hina fornu Sólheimastétt sem lá frá austri til vesturs framan við íveruhús allra Sólheiminga nema Sólheimakots og Sólheimahjáleigu. Stéttin var um 144 m á lengd og hefur líklega verið lengsta bæjarstétt á Íslandi. Við stéttina bjuggu 28 manns árið 1910 og svipaður fjöldi hafði þá búið við stéttina allt frá árinu 1703. Þegar myndin er tekin eru eldstæði eða heimili fjögur. Allar fjölskyldurnar höfðu einn jarðarpart hins forna höfuðbóls, Ytri-Sólheimar, til ábúðar, nema Ásgeir Pálsson og Kristín Tómasdóttir sem sátu bæði sinn eignarpart og leiguhluta. Að baki húsunum við stéttina voru bæði skepnuhús og heygarðar. Auk þess voru bæði fjárhús og hesthús dreifð um tún, Nes og heiðar og sjást tóftir þeirra enn.

Myndina tók Brynjólfur Erlingsson og er hægt að tímasetja myndatökuna við júlilok eða ágústbyrjun árið 1929 eða 1930. Tímasetningin byggir á því að engir rafmagnsstaurar sjást á myndinni, en raflýst var á Sólheimum árið 1930. Hins vegar sést hár staur norðan við hlöðu Einars Einarssonar. Staurinn setti Ólafur Grímsson á Skeiðflöt upp, fyrir Ísleif, skömmu fyrir jól árið 1928. Í staurinn var strengdur vír frá staur við húsgafl Ísleifs. Var þessi búnaður notaður til að ná langbylgjusendingum í útvarpsviðtæki sem Ísleifur hafði þá keypt. Á myndinni sést að túnasláttur er hafinn og er m.a. slegin reim neðan úr Línekrudal upp í Topp. Á myndinni sést óljóst móta fyrir mannlífi við stéttina. Hvað er framan við hús Ísleifs inni í gamla kirkjugarðinum?



Húsin talin frá vinstri til hægri þ.e. frá vestri til austurs:

¹⁸ Gert með leiðsögn Erlings, Hallberu og Margrétar Ísleifsbarna og Sigríðar Einarsdóttur frá Ytri-Sólheimum.

1. Hesthús Einars Einarssonar og er að húsabaki staðsett skammt vestan við núverandi veg frá íbúðarhúsi að fjárhúsi hjá Einari Guðna Þorsteinssyni.
2. Smiðja Einars Einarssonar. Nú er þar vélageymsla Einars Guðna Þorsteinssonar.
3. Fjós Einars Einarssonar, fjósdyrnar greinanlegar fyrir miðjum langvegg.
4. Hjallur Ásgeirs Pálssonar að húsabaki, ber yfir fjós Einars.
5. Hlaða Einars Einarssonar með bárujárnþaki.
6. Áfast við hlöðu Einars er skúrbygging sem var notuð sem hesthús.
7. Hlaða Ásgeirs með brotnu þaki.
8. Framan við hlöðu Ásgeirs er fjós hans. Það er sunnan við stéttina og sjást fjósdyrnar á miðjum langvegg.
9. Á bak við fjós Ásgeirs sér í stafnþil á skemmu hans.
10. Austan við skemmu Ásgeirs sést stafnþil á smiðju jarðarhúss frá jarðarparti, sem var fjögur hundruð forn úr Vesturjörð Sólheima. Þar var varðveitt, í 60 ár, sú klukka Sólheimakirkju, sem nú er í Sólheimakapellu. Klukkan var framlag landeigenda á Sólheimatorfu til kapellunnar.
11. Baðstofa Einars Einarssonar með þaki klæddu bárujárnri.
12. Austan við baðstofu Einars er skúrbygging áföst við fornar bæjardyr vesturjarða Sólheimatorfu. Inn af bæjardyrnum stóð fyrrum Sólheimaskáli.
13. Austan bæjardyranna er bil. Í því bili stóð fyrir baðstofa Eyjólfss Ólafssonar.
14. Íbúðarhús Ásgeirs Pálssonar, með bárujárnri á þaki og frampili, tveimur fjögurra rúðu gluggum og inngangur um skúr austanvið.
15. Íbúðarhús Ísleifs Erlingssonar. Timburhús byggt í tóft að hluta, bárujárnsklætt og ber hæst norðan við gamla kirkjugarðinn. Inngangur og kamesi í skúr austanvið.
16. Austan við íbúðarhús Ísleifs er baðstofa Einars Guðmundssonar og Guðrúnar dóttur hans.
17. Eldhús Einars og Guðrúnar sést ógreinilega á myndinni. Eldhúsdyrnar sem sjást voru jafnframt bæjardyr.
18. Smiðja Ísleifs Erlingssonar. Hin forna dyrahella Sólheimakirkju var sunnan við smiðjuna og stéttina.
19. Hlaða Einars Guðmundssonar.
20. Í auða bilinu austan við hlöðu Einars stóð um eitthvert árabíl íbúðarhús Eiríks Sverrissonar.
21. Tvö næstu þil voru skemmur Ísleifs. Byggð í einni tóft með skotrennu á milli stafna. Tóftin stendur enn.
22. Austan skemmanna var taðkofi eða reykhus Ísleifs. Úr þessu húsi seldi Ísleifur um árabíl margan gómsætan bitann. Tóftin stendur enn.
23. Næsta hús er skúrbygging sem Ísleifur nýtti fyrir hesthús. Þar reisti Ísleifur steinsteypit fjós árið 1936, sem enn stendur.
24. Austan hesthússins er hlaða Ísleifs, með brotnu þaki úr bárujárnri. Á sama stað stendur nú hlaða frá 1950.
25. Austan við hlöðuna stóð á þessum tíma fjós Ísleifs en er vart greinanlegt á myndinni.

Framan við hlöðu Einars Einarssonar sést kartöflugarður hans og kartöflugarður Ásgeirs var framan við hans bæ. Rófugarður Ólafar Einarasdóttur var norðan við smiðju þeirra Einars. Garðar Ísleifs og Lilju Tómasdóttur voru austan við gamla kirkjugarðinn. Á myndinni sjást til viðbótar þrjú hús sem ekki eru við stéttina. Efst í túninu er lambhús Einars Guðmundssonar og stendur tóftin enn ofan við Línekrudalinn. Neðar, ber yfir bæ Ásgeirs, hesthús Einars Guðmundssonar.

Lengst til hægri sést stafninn á fjárhúsi Ísleifs sem stóð austast í Benglunni. Ofan við Toppinn sést glögggt uppblástursrofið Húsholtssendi. Fjær sér til Svarthamra og Sjónarhóla.

Ég bið þá sem eiga í fórum sínum gamlar myndir frá Sólheimatorfu að láta mig vita í síma: 487-1321 eða 862-8405. Netfang: linekra@simnet.is. Myndirnar er hægt að afrita (skanna) svo fleiri fái notið þeirra. Myndir af húsum og fólki í önn dagsins eru sérlega áhugaverðar.

Skráð í vetrarbyrjun árið 2010

Tómas Ísleifsson Ytri-Sólheimum

Heimildaskrá

- Björn Magnússon: *Vestur-Skaftfellingar I til IV*, Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík 1970
- Eyjólfur Guðmundsson: *Ritsafn (Afi og amma, Pabbi og mamma, Lengi man til lítilla stunda)*, Bókaútgáfan Dyngja, Reykjavík 1987
- Guðmundur G. Hagalín: *Saga Eldeyjar-Hjalta I*, Prentsmiðja Ísafoldar, Reykjavík 1939
- Ólafur Pálsson frá Litlu-Heiði: Tímaritið Óðinn , 7-12. tölublað, Reykjavík 1927
- Nýja dagblaðið 31. júlí, Reykjavík 1938

Munnlegar heimildir

- Erlingur Ísleifsson frá Ytri-Sólheimum
- Hallbera Ísleifsdóttir frá Ytri-Sólheimum
- Haraldur Einarsson frá Kerlingardal
- Ísleifur Erlingsson á Ytri-Sólheimum, viðtal Þórðar í Skógum, 4. des. 1965
- Jórunn Eggertsdóttir frá Þorvaldseyri
- Margrét Ísleifsdóttir frá Ytri-Sólheimum
- Margrét Tómasdóttir á Litlu-Heiði
- Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri
- Ragnhildur Sigurðardóttir frá Sólheimakoti
- Sigþór Sigurðsson í Litla-Hvammi
- Sveinbjörn Ingimundarson frá Ysta-Bæli
- Tómas Jens Pálsson á Litlu-Heiði